

Rannsóknahverfi Vestfjarða
Stofnanir, stakir rannsóknarmenn, fyrirtæki

Rannsóknahverfi Vestfjarða • Fundarboð

Háskólaasetur Vestfjarða hefur fengið hvatningastyrk úr Sóknaráætlun til að halda Rannsóknahverfi Vestfjarða. Í samráði við forstöðumenn stofnanna hefur tímasetning verið ákveðin fyrir nokkur en hér með er sent formlegt boð til allra sem þingið kann að varða.

Markmið:

- að stofnanir og rannsóknarmenn kynnast betur innbyrðis
- að stofnanir og rannsóknarmenn fái tækifæri til að kynna sig fyrir samfélagi og fyrirtækjum
- að samfélagið fái innsýn í starf rannsóknastofnanna og stakra rannsóknarmanna
- að fyrirtæki fái tækifæri til að taka upp samtal við rannsóknastofnanir og rannsóknarmenn
- að auka almennt sýnileika og þekkingu um rannsóknarumhverfinu á svæðinu

Verkefnalýsing (úr umsókninni)

1. Rannsóknahverfi Vestfjarða gefi öllum rannsóknastofnunum og stökum rannsóknarmönnum tækifæri til að bera saman bækur sínar og vinna markvisst að því að þróa samstarfsverkefni. Þátttakan á að ná út fyrir stofnanir. Það er mikilvægt að kynna hver fyrir öðrum rannsóknarhugmyndir sem eru enn á hugmyndaþingi svo aðrir geti tengst þeim á frumþingi, enda annars oft of seint.
2. Rannsóknarþingið kynni á sama tíma verkefni sem unnið er að á opnu markaðstorgi (t.d. veggspjaldasýningu, örfyrirlestrar) fyrir almenningi og bjóði almenningi og atvinnulífi að koma með hugmyndir um verkefni.
3. Rannsóknarþingið móti framtíðaráætlun um rannsóknarstarf og rannsóknasamstarf á Vestfjörðum til næstu fimm ára

Tímasetning

25.-26. október 2017, Patreksfirði. sbr. tímaáætlun

Staðsetning

Vesturbyggð varð fyrir valinu til gefa íbúum á sunnanverðum Vestfjörðum og fyrirtækjum innsýn í starfsemi stofnana, fyrirtækja og einstaklinga. Búið er að taka frá félagsheimilið á Patreksfirði.

Gert er ráð fyrir að halda annað þing með svipuðu sniði á Hólmavík á næsta ári.

Þátttakendur

Allir sem telja sig tilheyra rannsóknarumhverfinu, sér í lagi

- Fulltrúar rannsóknarstofnanna
- Rannsóknarmenn úr fyrirtækjum eða stjórnendur fyrirtækja
- Stakir rannsóknarmenn án tenginga við fyrirtæki eða stofnanir
- Fulltrúar stuðningsumhverfis (AtVest, NMÍ, UW)

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 30 þátttakendum og að sóknaráætlunarstyrkurinn, sem er 300.000 kr., dekki einungis hluta kostnaðar. Stofnanir/fyrirtæki/stakir rannsóknarmenn þurfa að dekkja restina sem mótframlag.

Kostnaður

Af styrknum og framlagi Háskólaseturs dekkast léttur hádegissnarl bæði miðvikudaginn og fimmtudaginn, sem og sameiginlegur kvöldmatur miðvikudagskvöldið og fundarkaffi. Ef þátttakendur verða 30 eins og áætlað er, verður lítið sem ekkert eftir. Ef eitthvað verður eftir af styrknum dreifist það til þeirra þátttakenda sem hafa skráð sig fyrir 13.10. (early bird-lotteri).

Þátttakendur eða stofnanir/fyrirtæki þeirra þurfa að sjá sjálfir um að bóka og greiða gistingu og ferðakostnað. Afgreiðsla Háskólaseturs mun aðstoða við að para saman í bílaleigubíla ef þess er óskað. Á Patreksfirði eru tvö hótél (Fosshótél og West) sem og nokkur gistihús.

Dagskrá, DRÖG

	mið, 25.10.2017	fim, 26.10.2017	
09-12	Ferð til Patreksfjarðar	Fundur stofnanna/rannsóknarmanna á milli Kynning valinna verkefna Hugmyndir um frekara samstarf	
12-13	Léttur hádegisverður	Léttur hádegisverður	
13-16	Hver er hver og gerir hvað og af hverju Fulltrúum atvinnulífs á svæðinu sérstaklega boðið. Kynning stofnana og helstu verkefna, væntingar, takmarkanir.	Fyrirtækjaheimsókn	VALKVÆTT áframhaldandi fundur
16-17		Heimferð	
17-19	Opinn bás: Stofnanir/Fyrirtæki kynna sig með veggspjöldum og/eða básum. Opið almenningi		
19:30--	Kvöldverður		

Skráning

Vinsamlegast skráið ykkur í síðasta lagi 20.10.2017 í afgreiðslu Háskólaseturs, reception@uw.is eða 450 3000.

Skráningarupplýsingar

Nafn
stofnun/fyrirtæki (ef á við)
netfang
sími

Tekur stofnun/fyrirtæki þátt í opinni bás?
Hádegissnarl miðvikudaginn 25.10. 2017
Kvöldverður miðvikudaginn 25.10.2017
Hádegissnarl fimmtudaginn 26.10. 2017
Grænmetisæta?
Aðrar athugasemdir?